



Reykjavík 28. apríl 2021
USK2020100109

Innkaupa- og framkvæmdaráð

Fimm smáhýsi í Gufunesi - Tilvísun í mál: R20010055.

Á 17. fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar þann 29. október 2020 lögðu fulltrúar sjálfstæðisfloksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

"Fimm smáhýsi hafa verið reist í Gufunesi. Óskað er eftir sundurliðuðu yfirliti yfir allan kostnað vegna þeirra, það er hvað kostaði hvert hús, og jafnframt yfir annan kostnað vegna þeirra eins og vegna uppsetningar þeirra, jarðvinnu, lögnum, flutningi, lóðafrágangi, innréttningar og tæki, húsbúnað og annað.

Pá er óskað eftir upplýsingum um fjárhæð gatnagerðargjalda, lóðargjalda og annars kostnaðar borgarinnar ef einhver er."

Svör:

Hinn 27.maí 2019 var samþykkt í innkauparáði tilboð Yabimo ehf í smíði og uppsetningu 20 smáhýsa í Reykjavík. Yabimo ehf. er alþjóðlegt fyrirtæki sem starfað hefur á íslenskum markaði síðan 2014 og eru helstu markaðssvæði þeirra Þýskaland, Holland, Belgía, Danmörk og Noregur.

Smíði á húsunum fór fram á svæði verktaða í Kraká í Póllandi og voru húsin flutt samsett til landsins. Þar sem ekki var búið að ganga frá endanlegrí staðsetningu húsanna var þeim í upphafi komið fyrir á geymslusvæði á vegum verktaða og síðar til geymslu á svæði Reykjavíkurborgar við Skeljanes í Skerjafirði.

Í byrjun árs 2020 fékkst byggingarleyfi fyrir fjórum smáhýsum við Gufunesveg 4. Þegar byrjað var á framkvæmdinni var ákveðið að lækka hæðarkóta á Gufunesvegi vegna nýrrar íbúðabyggðar sem liggur nærrí lóðinni. Þetta gerði að verkum að endurskoða þurfti framkvæmdina og hafði þessi breyting í för með sér kostnaðarauka við að koma smáhýsunum fyrir m.a vegna aðgengis.

Ákveðið var þá að sækja um stækkun á lóðinni til suðurs sem skapaði möguleika á að stilla húsunum öðruvísi upp og svæði með sléttara undirlagi. Þar með skapaðist betri aðkoma að smáhýsunum sem varð til þess að þau uppfylla skilyrði í byggingarreglugerð varðandi aðgengi fyrir alla. Einnig skapaðist aðstaða til að bæta við einu smáhýsi til viðbótar.

Framkvæmdum við uppsetningu á fimm smáhýsum og lóðarfrágangi við Gufunesveg 4 lauk í desember 2020.

Kostnaður vegna hvers smáhýsis við Gufunesveg er eftirfarandi:

- Byggingakostnaður og uppsetning: 10,8 m.kr
- Jarðvinna og lagnavinna: 11,8 m.kr.
- Lóða- og umhverfisfrágangur: 5,7 m.kr.
- Umsjón, hönnun, eftirlit og opinber gjöld: 4,9 m.kr.
- Annað: 0,2 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

